

Ed.

41. Frumvarp til laga

[37. mál]

um forfallahjálp húsmæðra.

Flm.: Rannveig Þorsteinsdóttir.

1. gr.

Sveitarstjórnnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að komið skuli á fót í umdæmum þeirra forfallahjálpar til húsmæðra samkvæmt lögum þessum.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli tekin upp forfallahjálpar til húsmæðra, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Forfallahjálpar skal veita húsmæðrum á heimilum þeirra, þegar sannað er með beiðni læknis eða ljósmóður, að þess sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóms eða sængurlegu.

4. gr.

Framkvæmd forfallahjálpar húsmæðra má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er og að fela framkvæmd forfallahjálpar sjúkrasamlögum, kvenfélögum, stofnunum og einstaklingum, undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

5. gr.

Forfallahjálpar húsmæðra veitist gegn fullu endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er félagsmálaráðuneytið setur.

Heimilt er sveitarstjórn og sýslunefnd, eða öðrum aðila í umboði þeirra, að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta forfallahjálpar eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða sérstakar ástæður til slíkrar ívilunar þykja fyrir hendi.

Nú verður ágreiningur um, hvort forfallahjálpar skuli veitt eða eigi eða hvort krefjast skuli greiðslu fyrir veitta forfallahjálpar eða hver greiðsla skuli vera, og á þá sveitarstjórn eða sýslunefnd fullnaðarirskurðarvald um þau atriði.

6. gr.

Heimilt er sýslufélögum og sveitarfélögum, tveimur eða fleirum saman, að gera með sér samning um sameiginlega forfallahjálpar húsmæðra í umdæmum sínum.

7. gr.

Heimilt er félagsmálaráðherra að ákveða í samráði við menntamálaráðherra, að efnt skuli til námskeiða fyrir konur, sem taka vilja að sér að gegna heimilisstörfum í forföllum húsmæðra. Slík námskeið skulu haldin í húsmæðraskólum eða kvenskólum, sé þess kostur, en annars þar, sem hentugt húsnæði fæst í því skyni, enda komi samþykki félagsmálaráðherra til hverju sinni.

Ríkissjóður ber kostnaðinn af námskeiðum þessum að því leyti, sem kennslugjöld nemenda hrökkva ekki til að greiða þann kostnað.

8. gr.

Með sérstakri reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur, skal setja nánari reglur um skipun og starfskjör þeirra kvenna, sem taka að sér heimilisstörf í forföllum húsmæðra.

9. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir $\frac{1}{3}$ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfrækslu forfallahjálpar húsmæðra.

Þegar reikningar hvers starfsárs eru að fullu uppgerðir og endurskoðaðir, skal senda þá félagsmálaráðuneytinu, sem úrskurðar þá og greiðir, að þeim úrskurði gengnum, hluta ríkissjóðs af kostnaðinum.

10. gr.

Félagsmálaráðherra er heimilt að fela sérstökum ráðunaut að leiðbeina sveitarstjórnnum og sýslunefndum við að setja á stofn forfallahjálpar húsmæðra og hafa eftirlit með starfsemi þessari, þar með talin námskeið þau, sem í 7. gr. getur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á þingi 1949 var borin fram af flm. þessa frv. og samþykkt þingsályktunartillaga, þar sem ríkisstjórninni var falið að láta undirbúa löggjöf um vinnuhjálpar húsmæðra í veikindaforföllum þeirra og leggja frumvarp um það efni fyrir Alþingi á árinu 1950.

Haustið 1950 var af félagsmálaráðherra skipuð nefnd til þess að undirbúa þetta mál. Hafði nefndin til hliðsjónar lög og reglugerðir frá hinum Norðurlöndunum um þetta efni og studdist einnig við vitneskju, sem hún hafði fengið um framkvæmd laganna í Danmörku. Frv. það, sem nefndin undirbjó, var svo lagt fram á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Er það nú lagt fram á ný lítið eitt breytt.

Hér er um nokkurt nýmæli að ræða í löggjöf, en þó um málefni, sem konur landsins hafa haft mikinn áhuga fyrir árum saman og hafa reynt að koma í framkvæmd á ýmsum stöðum. Frumv. felur í sér heimild til sveitarstjórna (þ. e. bæjarstjórna og hreppsnefnda) og sýslunefnda til þess að koma á fót og starfrækja hjálparstarfsemi, sem er í því fólgin, að þessir aðilar hafi á sínum vegum konur, er séu til þess ráðnar að fara heim á heimilin og taka að sér störf húsmóðurinnar, þegar hún forfallast vegna veikinda eða sængurlegu.

Sjúkdómslegur skapa ætíð mikla erfiðleika á heimilum, en þó mesta erfiðleika þegar það er húsmóðirin sjálf, sem getur ekki sinnt sínum daglegu störfum. Þegar svo ber undir kemst heimilislífið allt á ringulreið, ef enginn er til þess að taka við þessum störfum. Flest heimili eru svo mannfá, að ekki er öðrum til að dreifa, ef húsmóðurinnar missir við, og oft neyðist hún til að vera á fótum sjúk, vegna þess að hún finnur, að störf hennar mega aldrei niður falla. Stundum verður maðurinn að fara frá störfum sínum utan heimilisins til þess að sinna heimili og börnum, þegar konan er veik, og ekki mun það óalgengt, að leysa verði upp heimili og koma börnum fyrir á barnaheimilum eða annars staðar, þegar svo ber við.

Með frv. þessu er ætlað til, að aðstoð sé veitt í þeim erfiðleikum heimilanna, sem skapast þegar húsmóðirin getur ekki vegna veikinda unnið dagleg störf sín. Þegar kona, sem kann sitt verk, kemur heim á heimilið undir slíkum kringumstæðum, er miklum áhyggjum létt af húsmóðurinni, maðurinn fer til vinnu sinnar svo sem venja er og börnin eru kyrr heima á heimilinu. Í stuttu máli: heimilislífið er í sínum venjulegu skorðum þrátt fyrir veikindi húsmóðurinnar.

Gert er ráð fyrir því, að konum, sem taka vilja þennan starfa að sér, sé veittur til þess sérstakur undirbúningur, einkum í meðferð barna og algengri matargerð, sem tíðkast á alþýðuheimilum. Ætlað er til, að námstíminn sé stuttur, enda má gera ráð fyrir, að til þessa starfa veljist einkum þroskaðar konur. Gætu af þessu skapast nokkrir atvinnumöguleikar fyrir konur, sem einkum hafa um ævina unnið að heimilisstörfum, en þurfa síðar að leita sér atvinnu.

Ætlað er til þess, að það sé aðalreglan, að þeir, sem hjálpinu þiggja, greiði fyrir hana samkvæmt sérstakri gjaldskrá, en hins vegar hafi sveitarfélögin heimild til þess að gefa þessi gjöld eftir að nokkru eða öllu, þar sem ástæður mæla með því. Með þessu móti mundu fátæk heimili fá hjálpinu fyrir væga borgun eða ókeypis, en hin efnameiri mundu greiða fyrir hana. Ríkissjóður greiði svo $\frac{1}{3}$ hluta þess rekstrarhalla, sem þessu fylgir, og sveitarsjóðir $\frac{2}{3}$ hluta. Lagt er til, að einstök atriði um framkvæmd laganna verði ákveðin með reglugerðum.